

Til handhafa útboðsgagna nr. 15353 – Búnaður til klórgerðar í Árbæjarlaug

Málefni: Viðauki 6 við ofangreind útboðsgögn.

Breyting 1:

Í kafla 0.1.1 Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar er gerð eftirfarandi breyting:

~~Opnunartími og tilboðsfrestur rennur út: 07.02.2022 kl. 10:00~~

Opnunartími og tilboðsfrestur rennur út: 22.02.2022 kl. 10:30

Eftirfarandi fyrirspurnir hafa borist og eru svör ÍTR- Árbæjarlaug við þeim hér fyrir neðan:

Fyrirspurn 1:

Í kafla um Almennar upplýsingar er óskað eftir ársreikningi árituðum af löggiltum endurskoðanda eða yfirlýsingu frá löggiltum endurskoðanda um jákvæða eiginfjárstöðu umsækjanda.

Vegna þessa er vakin athygli á því að skattalög kveða á um að fyrirtæki af þeirri stærð sem vænta má að bjóði í þetta verkefni eru undanþegin kröfu um löggiltan endurskoðanda. Þeim nægir að vera með skoðunarmann reikninga. Ársreikningar fyrirtækja eru svo aðgengilegir á vef Skattsins. Í þeim kemur fram eiginfjárstaða fyrirtækja.

Það verður því ekki séð annað en hér sé gengið lengra en lög gera kröfu um. Því er spurt hvort ekki nægi áritun skoðunarmanna reikninga á Ársreikning og yfirlýsing skoðunarmanna varðandi eiginfjárstöðu

Svar 1:

Ekki nægir áritun skoðunarmanna reikninga á ársreikning og yfirlýsing skoðunarmanna varðandi eiginfjárstöðu.

Vinsamlega athugið að viðauki þessi er hluti framangreindra gagna.